

SKOTVÍS fagnar því að til stendur að sameina alla stjórnsýslu og utanumhald um þjóðgarða og friðlýst svæði undir eina stjórn. Það var orðið löngu tímabært.

Skotvís vill koma eftirfarandi á framfæri.

1. Á heildina litið telur SKOTVÍS heppilegra að sameina fagvinnu innan þjóðgarða í einhverri af núverandi stofnunum til að gera slíkar einingar sterkari heldur en setja saman nýja stofnun sem verður með mun flóknari stjórnsýslu heldur en Vatnajökulsþjóðgarður. Spörin þaðan hræða og þó að margt hafi lagast þar eftir umrót síðustu ára er enn langt í land með að stjórnkerfi Vatnajökulsþjóðgarðs sé sú góða fyrirmynd sem lagt er upp með í þessu frumvarpi.
2. Mikilvægt er að leiðrétta þá mismunun sem felst í að fulltrúi útivistarfólks sé einungis með áheyrnaraðild að stjórn. Eins og kunnugt er hefur þetta fyrirkomulag valdið talsverðum vandræðum undanfarin ár og þetta frumvarp fyrirbyggir ekki að slíkt endurtaki sig.
3. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stækka umdæmisráðin og minnka þar með vægi útivistarfólks. Í Vatnajökulsþjóðgarði fer útivistarfólk með eitt atkvæði af 6 en fyrirhugað er að stórauka vægi sveitarfélaga og bænda þannig að vægi útivistarfólks minnkar í einn af 10. Þetta telur SKOTVÍS ekki vera ásættanlegt og bendir á að stór hluti íslendinga sem njóta hálandisins á eigin vegum er ekki úr nærsamfélagi þjóðgarðanna heldur af höfuðborgarsvæðinu og öðrum svæðum sem ekki liggja að þjóðgördunum. Nær væri að auka vægi þessa hóps í umdæmisráðum.
4. Fulltrúar félagasamtaka í svæðisráðum Vatnajökulsþjóðgarðs fá ekki laun fyrir sína vinnu. Hvorki frá þjóðgarðinum né félagastamtökunum sem tilnefna þá. Þessu starfi, sem er oft tímafrekt, fylgir mikil fjarvera frá annari vinnu. Lauslega áætlað er það um eitt dagsverk á mánuði. Mikilvægt er að tryggja þessu fólki einhver laun fyrir þessar fórnir.
5. Í 30. Gr er þetta ákvæði „Afla skal leyfis þjóðgarðsvarðar til lendingar loftfars innan þjóðgarðs.“ Þetta ákvæði teljum við vera allt of altækt fyrir þjóðgarða sem innan skamms gætu náð yfir lalt miðhálandið og ríflega helming landsins. Þarna teljum við einnig verið að færa þjóðgarðsvöðrum allt of mikið vald miðað við tilefnið og kallar fyrri þá aukna vinnu sem aftur kallar á aukinn kostnað frá samfélaginu.
6. Þjóðgarðastofnun er með mikla og flókna uppbyggingu. Umdæmisráð eru fjögur og síðan einn Forstjóri og síðan stjórnir þjóðgarða og ráðgefandi nefndir. SKOTVÍS óttast þetta flækjustig og að skilvirkni þessar nýju stofnunar verði ábótavant.
7. Stjórnir þjóðgarða er mismunandi uppbyggðar. Sinn er síður í hverju héraði en vænlegra væri að hafa meira samræmi í uppbyggingu stjórna.

Verndaráætlun útbúin af stjórn þjóðgarða og getur sett nær allt inn í verndaráætlun og gengið þannig lengra en t.d. aðrar opinberar stofnanir sem eiga samkvæmt lögum að fjalla um slík mál. Má þar t.d. nefna minjavernd og skotveiðar.

8. SKOTVÍS leggur til að allar takmarkanir á veiðum í þjóðgördum og á friðlýstum svæðum verði settar undir Umhverfisstofnun þar sem sérþekkingin á veiðistjórnun er til staðar. Ekki skuli takmarka veiðar nema á grundvelli sjálfbærrar nýtingar og beita skuli aðfeðrum sveigjanlegar veiðistjórnunar (adaptive management).

9. Hér er um nýja Náttúruvernd ríkisins að ræða samkvæmt þessu frumvarpi. Er með framkvæmdir og stjórnslu undir einum hatti en gríðarlega flókna uppbyggingu. Upphaflega hugmyndin var að þessi stofnun myndi vera framkvæmda-og rekstrarstofnun án stjórnslu. Halda utan um landvörslu og framkvæmdir og rekstur.

Af hverju er þetta ekki allt sett inn í Umhverfisstofnun fyrst stjórnslan er þarna líka innan nýju stofnunarinnar? Af hverju var verið að stofna Umhverfisstofnun árið 2003? Er ekki betra að hafa fáar og stórar stofnanir?

10. Er rask á dýralífi veiðar? Aftur er komið óljóst orðalag í lög(Bannað að trufla dýralíf var seinast) en SKOTVÍS hefur einmitt kallað eftir skýrari lagatexta.
11. Hver er munurinn á náttúruverndarsamtökum, ferðapjónustusamtökum, umhverfisverndarsamtökum og útivistarsamtökum?  
í tillögunni er gerður greinarmunur á þessum mismunandi samtökum án þess að skilgreining liggja fyrir. Hvar er SKOTVÍS á þessum listum?
12. SKOTVÍS óttast einnig að önnur friðlýst svæði muni sitja á hakanum en þar er einmitt mikið verk óunnið í gerð verndaráætlana og bæta orðalag friðlýsinga.

Að lokum við ég persónulega leggja til að stofnunin heiti Auður Íslands (Iceland's Treasures eða Treasure Island ef menn eru í góðu skapi)

Nafnið er bæði gamalt og gott íslenskt kvenmannsnafn en vísar einnig til raunverulegra verðmæta sem þarf að gæta framfar öllu.

Með bestu kveðju, best regards, hilsen

Áki Ármann Jónsson  
Formaður, President, Ordförande

Skotveiðifélag Íslands, The Icelandic Hunting Association , Íslandsk Jægerforbund

SKOTVÍS